

23

12. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 frá 9. maí 1955, um breyting á jarðræktarlögum nr. 45 17. maí 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Töluliður 2 í 3. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Fyrir orðin „til ársloka 1960“ í 3. málsg. 6. gr. laganna komi: til ársloka 1964.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og koma til framkvæmda við úttekt jarðabóta vorið 1960.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

24

14. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir a-lið 2. mgr. 8. gr. laganna komi nýr stafliður, sem verði b-liður, svo hljóðandi (liðatalan breytist skv. því):

Ef hann hefur rekið sildarverkun og verzlun með sildarafurðir utan heimilissveitar, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.

2. gr.

a. Í stað „8. gr., a—c-liðir“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna komi: 8. gr., a—d-liðir.

b. Orðin „sildarkaup, sildarsala, sildarverkun“ í c-lið 1. tölul. 9. gr. falli niður.

Gjört að Bessastöðum, 14. maí 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.